

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Borgarfjarðarhrepps Brandsbolum



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	20.9.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Borgarfjarðarhrepps	Eftirlitsmaður	Helga Hreinsdóttir
Heimili	Borgarfjarðarhreppur, Hreppstofa	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801696549	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Þórðarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	739418,151 568593,816

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi voru staðfest. Þrjár ábendingar eru gerðar varðandi daglegan frágang, ítarlegri flokkun úrgangs og aðgengi óviðkomandi að urðunarstaðnum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Helga Hreinsdóttir.

Gengið var um urðunarstaðinn og skoðað í urðunarreinar.

⟨ Við aðkomu að urðunarstaðnum var hliðið opið, enda sorphirða í gangi. Hliðið er að jafnaði ekki haft læst.

⟨ Við skoðun á urðunarreinum kom í ljós að bæði við rein fyrir lífrænan úrgang og fyrir heimilísúrgang voru hlerar sem alla jafnan loka reimum vel ekki nægilega þéttir. Við rein fyrir heimilísúrgang hafði jarðvegur runnið úr bökkum gryfjunnar, þannig að hún var hálfopin og við rein fyrir lífrænan úrgang var allbreið glufa undir jaðar hlerans á a.m.k. einn kant.

⟨ Í gryfju fyrir blandaðan úrgang var málmur og fleira sem sem ber að flokka frá og koma í endurvinnslu en ekki í urðun.

⟨ Ummerki bentu til þess að aðilar aðrir en starfsmenn við sorphirðu og urðun losi í urðunarreinar.

⟨ Frágangur á þeim svæðum sem komin eru í rétta hæð er til fyrirmyndar.

Í spjalli við fylgdarmann kom fram að hafin er vinna vegna umsóknar um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1

Lok yfir urðunarreinar þekja ekki nægilega vel. Ekki er talið að um sé að ræða brot á gr. 2.4 í starfsleyfi, þar sem fjallað er um daglegan frágang, en mikilvægt að bæta úr og vanda til verka.

Athugasemd 2

Athugasemdin varðar gryfju fyrir grófan úrgang. Málma er ekki heimilt að urða. Hvatt er til þess að flokka frá ómeðhöndlað timbur og leita ætti leiða til að endurnota eða endurnýta í stað þess að urða.

Athugasemd 3

Í starfsleyfi segir að hlið skuli vera lokað en ekki er tekið fram að það skuli læst. Ef brögð eru að því að óviðkomandi aðilar losi úrgang í rangar reinar eða án ítarlegrar flokkunar þykir nauðsynlegt að takmarka aðgang að urðunarstaðnum.

19.12.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Sigríður Kristjánsdóttir